



Til stjórnar Vísindasjóðs FF og FS

6. maí 2015

Nokkrar óánægju gætir meðal félagsmanna vegna breyttra úthlutunarreglna Vísindasjóðs FF og FS. Þær helstu ábendingar sem stjórn hefur borist varðar kröfu um skil á gögnum.

Í reglum sjóðsins segir að eingöngu skuli veita styrki út á frumeintök reikninga, kvittana eða annarra gagna sem stíluð eru á umsækjandann sjálfan. Eðlilegt í sjálfu sér, en á tímum rafrænna viðskipta er erfitt að skilgreina frumeintök þegar viðskipti við t.d. flugfélög, hótél og ráðstefnuhaldara fela í flestum tilvikum í sér að kvittunum fyrir greiðslur er skilað rafrænt.

Í reglum sjóðsins er farið fram á að aðgangspassi að ráðstefnu skuli fylgja umsóknum sem og brottafarspjald. Senn tilheyra brottfararspjöld fortíðinni þar sem fjölmörg flugfélög senda þau rafrænt í snjallsíma.

Við skoðun kemur í ljós að nokkrar breytingar hafa orðið á verklagsreglum sjóðsins á síðustu 4 árum. Meðal annars hafa reglur um gagnaskil verið hertar með þessum hætti til mikils óhagræðis fyrir félagsmenn.

Félagsmaður sem sækir ráðstefnu, námskeið eða sýningu erlendis pantar flug og fær fyrir því kvittun á eigið nafn, skilar kvittun fyrir hótélgistingu og greiðslu ráðstefnu/sýningargjalds á áfangastað, hvers vegna í ósköpunum ætti hann að þurfa frekari sannanir fyrir þátttöku sinni?

Hvergi er að finna í reglum Ríkisskattstjóra annað en að kvittanir fyrir greiðslu þess kostnaðar sem er styrkhæfur séu fullnægjandi séu þær kvittanir gefnar út á nafn viðkomandi styrkþega. Hjá skrifstofu Ríkisskattstjóra var það staðfest að skattalega séð duga rafrænar kvittanir og ekki er þess krafist að styrkþegar skili inn brottfararspjöldum í flug eða aðgangspösum á ráðstefnur/sýningar.

Í reglum sjóðsins er þess krafist að ef sjóðsstjórn hafi ekki staðfest styrkhæfi skólaheimsóknar fyrirfram verði umsóknum hafnað. Þetta telur stjórn of langt gengið og hljóti þær skólaheimsóknir sem eru á annað borð styrkhæfar og falla að reglum sjóðsins að teljast gildar hvort sem sjóðsstjórn hafi verið kunnugt um fyrirhugaða ferð eða ekki.

Í reglum sjóðsins frá árinu 2010 segir um styrki vegna námskeiða og ráðstefna innanlands og utan:

- Styrkir vegna námskeiða og ráðstefna (eða annað sem sjóðstjórn metur styrkhæft) er allt að 250.000 kr á hverju tveggja ára tímabili
- Skiptir ekki máli hvort um er að ræða námskeið eða ráðstefnu innanlands eða utan né lengd námskeiðs eða ráðstefnu
- Með umsókn skal fylgja dagskrá og kostnaðaráætlun. Styrkir eru greiddir samkvæmt framvísun reikninga ásamt staðfestingu á þátttöku
- Ferða-, gisti- og námskeiðs/ráðstefnukostnaður er lagður til grundvallar styrkveitingu

Í reglum sjóðsins frá árinu 2012 hefur þessi rammi þrengst all nokkuð. Þá er settur hámarksstyrkur á tiltekna viðburði og nú skiptir lengd viðburðar máli og einungis erlendir viðburðir eru styrktir úr B deildinni. Þarna hafa átt sér stað talsverðar breytingar á reglum sjóðsins á milli áráanna 2010 til 2012.

Eins og segir í lögum Félags framhaldsskólakennara er einungis hægt að breyta verklagsreglum sjóðsins að fenginni staðfestingu stjórnna FF og FS. Þess vegna óskar stjórn FF eftir fundi með stjórn Vísindasjóðs hið fyrsta og fjalla um úthlutunarreglur sjóðsins og breytingar á þeim frá árinu 2011.

Deilumál Vísindasjóðs við KÍ hefur vissulega sett skugga á starfsemi félagsins og bitnar óhjákvæmilega á þjónustu við félagsmenn. Þótt það mál sé ekki til lykta leitt er mikilvægt að samráð og samstarf stjórnanna tveggja sé náið og gott. Stjórn FF er hér að bregðast við skyldum sínum og ábendingum frá félagsmönnum um það hvað betur má fara í starfsemi sjóðsins og vonar að stjórn Vísindasjóðs taki jákvætt í ofantaldar ábendingar.

Virðingarfyllst stjórn félags framhaldsskólakennara

Guðný Lára Petersen

Guðríður Arnardóttir

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir

Kjartan Þór Ragnarsson

Reynir Þór Eggertsson